

KENNSLUÁÆTLUN Í TEXT1FS05 SAUMTÆKNI

Áfangalýsing:

Nemendur þjálfast í notkun tilbúinna sniða og að breyta þeim eftir eigin stíl og vexti. Nemendur sauma einfaldar flíkur og læra í ferlinu að þjálfa sig í saumtækni. Gerðar einfaldar prufur. Flöt teikning af flík ásamt vinnulýsingu skal unnin meðfram saumaskapnum. Vinnumappa tekin saman með öllum verkefnum áfangans. Vettvangsferðir og sýning í annarlök á verkefnum nemenda.

Markmið:

Að kynnast notkun tísku- og sniðablaða til framleiðslu eigin fatnaðar og/eða nytjahluta
Að þjálfast í gerð og notkun vinnulýsinga á handverki
Að kynnast mikilvægi vandaðra vinnubragða og skipulags tengt saumum
Að þjálfast í máltöku og notkun tilbúinna sniða
Að þjálfast í notkun saumavéla og tengdum tækjum
Að læra að leggja snið á efni og meta efnisþörf
Að þjálfa sjálfan sig í samvinnu og vönduðum vinnubrögðum

Námsefni:

Tilbúin snið í sniða- og tískublöðum, ný og gömul.
Mismunandi vinnumöppur og vinnubækur.
Bækur og blöð í Textíildeild og á bókasafni.
Sniðapappír, teiknipappír, mismunandi gerðir skæra, vinklar, málbönd og fleira.
Verkefni frá kennara og á netinu unnin persónulega og í hóp.
Textílfraðikassi kynntur um leið og efnislager skólans er skoðaður.
Saumavélar, varpsaumsvélar, straujárn, tæki og verkfæri tengd textíl og saum.
Borðtölva og litaprentari.

Áætlun um yfirferð námsefnis:

1. Kynning
2. Notkun sniðablaða tekin fyrir. Vinnumappa stofnuð.
3. Hugmyndavinna, í fyrstu sameiginleg, síðan persónuleg.
4. Nýting tímans tekin fyrir; sjálfstæð verkefni og forgangsverkefni undirbúin
5. Sniðavinna
6. Saumtækni
7. Framleiðsla og frágangur.
8. Sýning

Námsmat:

40% Persónuleg nýting tímans samkv dagbók hópsins
30% Hugmyndavinna og skipulag
30% Handverk

Hagkvæmar upplýsingar:

Efniskosnaður: kr. 6.500 - greitt á skrifstofu fyrir 1. september. Mætingar og mat: Skilyrt, regluleg samskipti við kennara varðandi forföll og nýtingu tímans, í tímum og varðandi heimaverkefni.

Kennari er **Helga Jóhannesdóttir**, kennari í fata- og textílhönnun - viðtalstímar á fimmtudögum kl. 10.25 og samkvæmt samkomulagi